



Starfsreglur Laganefndar HSÍ

1.gr. Skipun

Laganefnd HSÍ starfar samkvæmt lögum HSÍ. Laganefnd skal skipuð a.m.k. 3 mönnum, sem stjórn HSÍ tilnefnir. Skal að minnsta kosti einn þeirra vera löglærður. Stjórn HSÍ tilnefnir formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2.gr. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Skrifstofa HSÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra HSÍ.

3.gr. Hlutverk og verkefni

Laganefnd er stjórn HSÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur sem berast fyrir handknattleiksþing og metur hvort þær eru rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

4.gr. Önnur störf

Laganefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

5.gr. Ágreiningsmál

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

6.gr. Gildistaka

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn HSÍ 08.april 2009